



Reglugerð um ráðstafanir vegna heimsfaraldurs COVID-19

24.8.2020

1. grein

GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi gildir um Íslandsmót og bikarkeppni keppnistímabilið 2020-2021. Ákvæði reglugerðar þessarar gilda umfram ákvæði annarra reglugerða ef grípa þarf til ráðstafana vegna COVID-19 faraldursins.

2. grein

FRESTUN LEIKJA

Mótanefnd skal fresta leik óski félag eftir frestun þar sem þrír eða fleiri af sjö mínútuþæstu leikmönnum félags geta ekki tekið þátt í viðkomandi keppnisleik þar sem þeim hefur verið gert að sæta einangrun eða sóttkví samkvæmt reglugerð heilbrigðisráðherra, eftir að hafa verið greindir með COVID-19 eða verið útsettir fyrir COVID-19 smiti.

Verði íþróttaviðburðir meistaraflokkka bannaðir með reglum útgefnum af yfirvöldum eða mæli sóttvarnarlæknir eða almannavarnir gegn því að kappleikir fari fram vegna heimsfaraldurs COVID-19, skal mótanefnd fresta öllum leikjum á leikjaskrá á þeim tíma sem bannið eða tilmælin taka til.

3. grein

NÝIR LEIKDAGAR

Ef þær aðstæður, sem urðu þess valdandi að leik eða leikjum var frestað samkvæmt 2. grein, standa ekki lengur í vegi fyrir því að leikir geti farið fram, skal mótanefnd KKÍ setja þá leiki sem frestað var á nýja leikdaga innan dagskrár hvers móts. Mótanefnd skal gæta þess að sá tími er líður á milli leikja verði eins rúmur og fremst verður við komið og svo jafn sem verða má.

4. grein

MÓTSLOK

Mótanefnd skal kappkosta að ljúka móti innan þess ramma sem keppnisdagatal gerir ráð fyrir. Takist ekki að ljúka móti innan þess ramma, er mótanefnd heimilt að framlengja mótið ef umtalsverðar líkur eru á, að mati mótanefndar, að hægt verði að ljúka viðkomandi móti.

Mótanefnd er heimilt, telji hún það nauðsynlegt, að flytja leiki í bikarkeppni aftur fyrir lokadag deildarkeppni.

Burfi að fresta leikjum samkvæmt 2. grein, skal mótanefnd leitast við að ljúka öllum leikjum í deildarkeppni ekki seinna en 30. apríl 2021.

Burfi að fresta leikjum samkvæmt 2. grein, skal mótanefnd leitast við að ljúka öllum leikjum í úrslitakeppni ekki seinna en 30. júní 2021.



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS - ICELANDIC BASKETBALL ASSOCIATION

Íþróttamiðstöðin Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík · kki@kki.is Sími: (+354) 514 - 4100 Fax: (+354) 514 - 4101 · www.kki.is

5. grein

MÓTI AFLÝST

Ef sýnt þykir að ekki verði unnt að ljúka Íslandsmóti meistaraflokka samkvæmt leikjaskrá vegna COVID-19 getur mótanefnd lagt það fyrir stjórn KKÍ að aflýsa keppni í öllum deildum. Skal þá eftirfarandi gilda:

- 5.1. Hafi að lágmarki 2/3 hlutar heildarleikja í deildarkeppni úrvals- og 1. deildar verið leiknir samkvæmt leikjaskrá ræður meðalfjöldi stiga hvers liðs fyrir sig í hverjum leik sem það hefur lokið á þeim degi þegar móti er aflyst, endanlegri niðurröðun. Telst keppni í Íslandsmóti þar með lokið. Deildarmeistarar deilda skulu þá krýndir í hvorri deild. Þar sem keppni lauk ekki fellur eitt lið úr úrvalsdeild og deildarmeistarar 1. deildar flyttast upp í úrvalsdeild fyrir næsta tímabil. Engir Íslandsmeistarar verða krýndir án úrslitakeppni.
- 5.2. Takist ekki að leika 2/3 hluta leikja í deildarkeppni áður en keppni er aflyst, verður engin færsla milli deilda, engir deildarmeistarar verða krýndir og staða liða við upphaf næsta tímabils á eftir verður sú sama og við upphaf þess tímabils sem ekki var hægt að ljúka.
- 5.3. Takist að klára 2/3 hluta leikja í stökum deildum skal krýna deildarmeistara þeirra deilda. Engin færsla verður þó milli deilda án þess að allar deildir hjá sama kyni ljúki minnst 2/3 hluta leikja samkvæmt leikjaskrá.
- 5.4. Þurfi að fresta leikjum, svo ekki sé hægt að klára staka leiki sbr. 4. grein, þó þannig að leiknir hafa verið minnst 2/3 hlutar deildarkeppni skal röðun liða ákvárdast af grein 5.1. Leika skal úrslitakeppni í samræmi við röðun liða, sé þess kostur.
- 5.5. Takist ekki að ljúka bikarkeppni skal ekkert lið krýnt bikarmeistari.
- 5.6. Mótanefnd leggur tillögur fyrir stjórn KKÍ hvernig ljúka skuli keppni neðri deilda og yngri flokka.

6. grein

SEKTIR, BROTTVÍSUN ÚR KEPPNI OG ÖNNUR ATVIK

Geti lið, sem uppfyllir skilyrði greinar 2, ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglugerð KKÍ um körfuknattleiksmót skal hvorki beita sektum né öðrum viðurlögum.

Stjórn KKÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni sem reglugerð þessi nær ekki sérstaklega til, og getur þá leitað í aðrar reglugerðir sambandsins eða vinnureglur mótanefndar.

7. grein

GILDISTAKA OG GILDISTÍMI

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. grein laga KKÍ og öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi fellur úr gildi 31. júlí 2021.